**132. löggjafarþing 2005–2006.** **Prentað upp.**
**Þskj. 975 — 665. mál.** Skriflegt svar.

# Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Fannýju Gunnarsdóttur.

1. Hvernig standa byggingarmál barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, sér fyrir endann á framkvæmdum?
2. Fjölgar stöðugildum við deildina eftir stækkun hennar?
3. Er ætlunin að vinna fljótt upp biðlista, auka og efla þjónustuna, t.d. með því að fjölga innlögnum, auka göngudeildarþjónustu, efla aðstoð við foreldra og systkini og auka eftirfylgd, t.d. út í skólana?
4. Má eiga von á því að alltaf verði um einhverja biðlista að ræða?

**Skriflegt svar óskast.**